

Aðgangur fatlaðra barna að samfélaginu

Elín H. Hinriksdóttir formaður málefnaþóps um málefni barna
Andrea Valgeirsdóttir starfsmaður málefnaþóps um málefni barna

Ungmennaping 9. mars 2019

Markmið þess var að hlusta á raddir barna og ungmenna með fatlanir og systkini fatlaðra barna.

Ungmennapingið veitti þeim tækifæri til að ræða skoðanir sínar og upplifanir af samfélaginu.

Fengnir voru þátttakendur af landinu öllu og var aldersbilið 12-18 ára. Lagðar voru fyrir fyrirfram ákveðnar spurningar, hópnum aldursskipt en hlutverk hópstjóra var eingöngu að skrá niðurstöður og hugleiðingar hópsins.

Eins og segir í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 3.mgr., 7.gr. “ Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika“.

Umræðuefni Ungmennapingsins voru:

- Aðgengi
- Heilbrigðismál
- Menntamál
- Íþróttir og tómstundir
- Félagsleg þátttaka



Aðgengi

Börnin og ungmennin töldu ferðapjónustuna ekki nógu góða, erfitt að treysta á hana og bílarnir kæmu ekki á tilsettum tíma.

Þau sem reyndu að öðlast meira sjálfstæði og vildu taka strætó ræddu um slæmt aðgengi, skort á aðstoð, upplýsingaskort og skilningsleysi af hálfu bílstjóra.

Vildu sjá endurgjaldslausu þjónustu.

Gerðu einnig athugasemdir við aðgengi að tónleikum, kvikmyndahúsum og öðrum viðburðum.

„Bílstjórnarnir halda að maður sé kartöflupoki en ekki manneskja. Kasta manni bara til og frá“

„Ég vil að ferðapjónustan komi á réttum tíma í stað þess að þurfa að bíða endalaust eftir þeim“

„Tékka ekki á því hvort maður er á klósettinu eða bara inni að bíða“

„Erfitt að finna út hvert maður á að fara, skortir upplýsingar. Mikið um útlenska bílstjóra og maður skilur ekki alltaf tungumálið“

Heilbrigðiskerfið

Aðgengi að skólahjúkrunarfræðingum væri ábótavant, ættu að vera aðgengilegir alla daga.

Almenn ánægja með heilbrigðiskerfið, mættu skilningi og komið væri til móts við þeirra þarfir þegar hægt var. Fannst skorta aukna upplýsingagjöf um virkni lyfja sem þau taka.

Systkinahópurinn nefndi sérstaklega takmarkað aðgengi að sálfræðipjónustu.

„Ég er alltaf með sama lækniþinginn sem ég er búinn að vera með frá því ég var litill. Ég bara spyr ef það er eitthvað óljóst varðandi lyfin mín.“

„Ég hitti sálfræðing í 3 skipti og síðan ekkert meir, ég þurfti svo miklu meira“

Systkini

Oft fer mikill tími og orka í að hugsa um fatlaða barnið og bitnar það óhjákvæmilega á allri fjölskyldunni.

Systkinin ræddu um vanlíðan og voru vön að þurfa að setja eigin þarfir og langanir til hliðar. Um leið skammast þau sín fyrir þessar tilfinningar því þau elska systkini sitt og hafa skilning á þörfum þess.

Einnig komu þau inn á heimilisaðstæður. Mörg forðast að bjóða vinum inn á heimilið vegna hegðunar og atferli systkinis síns því þeim finnst erfitt að útskýra hegðun þeirra.

Tóku fram skort á úrræðum utan heimilis fyrir systkini.

Á móti kemur að þau börn sem bjuggu í minna samfélagi úti á landi nutu meiri skilnings.

„Það er erfitt að eiga fatlað systkini. Ég verð alltaf útundan því systir mín þarf mikla aðstoð“

„Ég er ekkert að bjóða vinum mínum heim til mín. Bróðir minn er mjög erfiður og lætur okkur ekki í friði. Hann gerir stundum hluti sem eru dónalegir“

„Stundum vill ég bara fá að vera einn með þabba og mömmu“

„Samt á ég líka vini sem þekkja bróðir minn og vita hvernig hann er“

Menntamál

Upplifun af skólastarfi var afar ólík. Flest voru þau í almennum skólum en nokkrir í einkaskólum. Aukið umburðarlyndi til staðar í einkaskólum, þeir eru ekki eins fjölmennir né jafn stórir bekkir.

Voru sammála um að skóladagurinn væri of langur og þau væru iðulega mjög þreytt. Ánægja með aukna tækninotkun í kennslu.

Nemendur sem þurfa mikla sérkennslu eru oft alfarið inni í námsveri og umgangast einleitan hóp. Þeim er ekki boðið að taka þátt í félagslífi né öðrum athöfnum innan skólans. Nefna að oft fái þau ekki að taka þátt í lífsleiknitímum né séu með í einfaldari athöfnum eins og að horfa á bíómyndir eða taka þátt í sameiginlegum matartímum.

Jákvætt viðhorf gagnvart kennurum en fannst vanta aukinn mannskap inn í skólana. Mismikill stuðningur í boði eftir skólum en fannst sumum nægjanlegt framboð af stuðningsfulltrúum. Þó fannst þeim kennarar of oft ekki taka tillit til allra barna og mismunandi þarfa þeirra og getu.

„Kennst í ípad í skólanum mínum. Það hentar mér mjög vel.“

„Ein manneskja nær ekki að sinna öllum í bekknum“

Menntamál

Aðbúnaður nokkuð misjafn, í sumum tilfellum voru rafknúin borð og annað aðgengi til fyrirmyndar. Aðrir upplifðu aðstæður ekki nægilega góðar og aðgengi að lyftum oft ábótavant, stundum um langar vegalengdir að ræða til að koma sér milli tíma og oft tók það allar frímínúturnar eða matarhléið.

Rampar fyrir hjólastóla oft ekki til staðar í skólabyggingunni.

Óskuðu eftir að táknmálskennsla færi fram í almennum grunnskólum þar sem það myndi aðstoða þau við að kynnast börnum sem eiga erfitt með tjáskipti ásamt því að það myndi auka þekkingu á þeirra aðstæðum.

„Það tekur allt að þrjá daga að láta laga lyfturnar í skólanum og á meðan er stundum ekki hægt að komast í tíma“

„Stundum eru lyfturnar fullar af einhverju drasli svo maður kemst ekki inn í þær“

„Við eigum að eiga öll sömu tækifærin og aðrir og ekkert á að hindra það“

Íþróttir og tómstundir

Mikið rætt um skort á þjónustu í frístundum. Algengt var að börn þyrftu að leita út fyrir sveitarfélagið til að stunda íþróttir þrátt fyrir að viðkomandi búi í sveitarfélagi sem býður almennt upp á góða aðstöðu.

Börn sem þurfa að stunda íþróttir í öðru sveitarfélagi en sínu eigin hafa oft ekki tök á að koma sér sjálf á æfingar og þurfa foreldrar þeirra oftast en ekki að skutla þeim. Fyrirkomulagið ýtir undir þá hugmynd að fötluð börn séu „öðruvísi“ en ófötluð börn.

Tækifæri til að stunda íþróttir út frá áhugasviði virtast vera fleiri á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæðið. Ungmennni af landsbyggðinni upplifðu jákvæðari viðhorf og þar stunduðu börn og ungmenni frekar íþróttir á eigin forsendum.

„Ekki boðið upp á íþróttir fyrir fatlaða í þessari geggjúðu aðstöðu. Þetta er hneyksli“

„Úti á landi æfa allir íþróttir saman, bæði fatlaðir og ófatlaðir. Finnst öllum það vera sjálfsögð mannréttindi“

Íþróttir og tómstundir

Eftir því sem börnin urðu eldri varð allt erfiðara, æfingar of margar og á óhentugum tímum. Mörgum langaði að fá tækifæri til að stunda íþróttir á eigin forsendum en t.d. getur verið dagamunur á getu sem oft á tíðum veldur því að þau falla út úr íþróttastarfi. Mætingarskyldan þyrfti að vera sveigjanleg en með því væri tekið tillit til þarfa þeirra og þau gætu verið virk í íþróttastarfi.

Þeir sem þurfa stuðning til að stunda íþróttir eru oft á tíðum háð stuðningsaðila sínum. Liðveisla sinnir oft stuðningi í íþróttum og voru nefnd dæmi um að þegar enginn fæst til að sinna liðveislunni sé úti um íþróttaiðkun barnsins. Ef liðveisla lætur af störfum þurfa börnin að hætta í íþróttum nema foreldri fari úr vinnu og fylgi því.

„Hefur langað að æfa íþróttir en ekkert félag sem ég hef getað æft með. Ekkert sérlega mikil fjölbreytni í íþróttum fyrir mig“

„Engar íþróttir í boði fyrir hreyfihamlaða krakka, kannski jú boccia! Það var ekkert mál að vissu stigi að taka þátt á íþróttæfingum með krökkum sem hafa ekki greiningar“ - Núna hættur í öllu“

„Ef stuðningurinn mætir ekki þarf ég að fara heim og missa af æfingu“

Félagsleg þátttaka

Það getur verið snúið að taka þátt í félagslegum viðburðum. Þátttakendur voru einróma um þá skoðun að börn með raskanir s.s. einhverfu væru að miklu leyti útskúfuð frá almennu félagsstarfi í skólanum. Fá ekki að taka þátt því þau eru “öðruvísi” en önnur börn. Nefndu að nemendur í námsveri fengu ekki tækifæri til að sækja skólaskemmtanir/böll þar sem starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar sæi ekki til þess að þeim væri boðið með.

Í framhaldsskólum var algengt að það gleymdist að láta nemendur á starfsbrautum vita um viðburði á vegum nemendafélagsins.

Auglýsingar eru stundum settar upp á stöðum sem eru óaðgengilegir fyrir fatlaða nemendur. Skipuleggja þarf ferðaþjónustu og liðveislu til að geta tekið þátt í viðburðum og því er þátttöku sjálfhætt ef upplýsingar berast of seint og illa.

Einstaklingar í hjólastól geta ekki alltaf tekið þátt í félagslífinu þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim. Árshátíðir og aðrir viðburðir eru oft haldnir á óaðgengilegum stöðum.

„Ég upplifi mig ekki sem hluta af skólanum af því ég er á starfsbraut“

„Leiðinlegt að ekki sé hægt að gera ráð fyrir fötluðu fólki á árshátíðum og skemmtunum“

Félagsleg þátttaka

Margar vettvangsferðir á vegum skólans miðast við almennan nemanda og skipulagðar án þess að tekið sé tillit til þarfa allra nemenda. Skólaferðarlög eru af þeim orsökum ekki raunhæfur valkostur fyrir nemendur í mörgum tilfellum.

Húsnæði á áfangastað er oft á tíðum ekki aðgengilegt fyrir hreyfihamlaða og nemendum með annarskonar fatlanir eða veikindi gefst oft ekki kostur á að taka þátt nema foreldri fylgi.

Vinátta var þátttakendum hugleikin og ræddu þau um mikilvægi þess að eiga vini og hafa einhvern til að umgangast fyrir utan fjölskyldumeðlimi. Margir áttu góða vini en aðrir áttu erfitt með að eignast vini og þurftu aðstoð til þess.

Óskað var eftir að til væru leiðbeiningar um félagsleg samskipti í því skyni að auðvelda samskiptin. Félagsmiðstöðvar væru góður vettvangur fyrir ýmiskonar fræðslu og til þess að mynda vinatengsl. Mikilvægt að félagsmiðstöðvar væru opnar fyrir alla og sömu möguleikar á tómskundastarfi óháð fötlun. Ef fatlaðir eru ekki á félagsmiðstöðvunum er erfiðara fyrir þá að vera hluti af hópnum og kemur í veg fyrir að fatlaðir eignist ófatlaða vini.

„Hver vill fara í skólaferðalag með mömmu sinni?“

„Það þarf ekki að vera með sér félagsmiðstöð fyrir fatlaða heldur ættu allir að geta verið saman“

„Við viljum hjálpa þeim að vera með en vitum ekki hverni“

Félagleg þátttaka

Nokkuð var um að þátttakendur væru með liðveislu og voru flestir ánægðir með þá þjónustu. Erfitt væri að sækja um hana og biðin allt of löng. Sumir upplifðu óvirðingu frá liðveitandanum og höfðu nokkrir lent í því að liðveitandinn mætti ekki á umsömdum tíma eða hætti störfum án þess að kveðja viðkomandi.

Nokkrir þátttakendur voru með NPA aðstoðarmann sem aðstoðaði þá meðal annars við að hitta vini. Þeir sem höfðu NPA aðstoðarmann upplifðu meira umburðarlyndi og að aukið tillit væri til þeirra þarfa þegar NPA starfsmaður var með í för. Auðveldaði þátttöku í almennum viðburðum í samfélaginu og um leið jók það möguleika og framboð á ýmsum viðburðum sem stóðu þeim annars ekki til boða t.d. almennar sumarbúðir.

„Gott að geta komist frá foreldrum og systkinum því ég er alltaf heima og vil stundum fá smá frið eða vera með öðrum“

„Mikilvægt að hafa NPA aðstoðarmenn til að hitta vini og svoleiðis. Fleiri þurfa NPA“

Hugmyndafundur Unga fólksins

Okkar líf - okkar sýn

Haldinn að Grand Hótel
laugardaginn 5. nóvember frá kl. 12-15